

# Formáli fyrir „Við aldahvörf“ (1995)

VIÐ GREININGU á stjórnámálum og mótun stjórnmalastefnu er mikilvægt að nota rétt hugtök. Þegar bókin *Við aldahvörf* eftir Trausta Valsson og Albert Jónsson er lesin, vaknar sú spurning, hvort það sé lengur við hæfi að nota hugtakið „utanríkismál“, þegar rætt er um samskipti Íslands við önnur lönd. Því að við mat á stöðu Íslands í breyttum heimi kemur greinilega í ljós, að það sem gerist utan íslenska ríkisins, snertir alla þætti íslensks þjóðlífs. Sá tími er fyrir löngu liðinn, að unnt sé að greina á milli þróunar innan landamæra Íslands og utan. Atvinnuhættir, menntun og líf skjör mótast af alþjóðlegum kröfum og samanburði.

Tölvun, sem notuð er til að festa þennan texta á blað, er jafnframt leið inn á upplýsingahraðbrautina og veraldarvefinn. Þangað get ég leitað, reki mig í vörðurnar og þar get ég einnig kynnt sjónarmið mín. Þeir sem búa hinum megin á hnettinum, geta nálgast mig á svipstundu og án meiri útgjalda en heimasímtal kostar. Niðurstöður sérfræðinga hníga að því, að við aukið frjálsræði í heimsviðskiptum og hrun viðskiptamára njóti smáfyrirtæki og smáríki sín betur.

Efnahagssuppsveifla og markaðsvæðing í Kína kann að marka mestu þáttaskil okkar tíma. Umskiptin eftir hrun kommúnismans í Evrópu jafnast ekki á við þetta stökk 1200

milljóna manna úr sósíalisma inn í markaðsbúskap. Takist Kínverjum að halda áfram á sömu braut, má telja atburðina í Kína mestu efnahagsbyltingu í skráðri sögu mannsins.

„Framtíðarsýn“ er tiltölulega nýtt orð í íslenskum stjórnálaumræðum og margir kvarta undan að hana vanti, ekki síst þegar staða Íslands í breyttum heimi er metin. Í þessari bók er leitast við að bregða ljósi á ýmsa grundvallarþætti, sem snerta sess Íslendinga í samfélagi þjóðanna. Greining höfunda staðfestir haldleysi stjórnmaladeilna um þessa þætti. Við okkur Íslendingum blasir að nýta ný og hvetjandi tækifæri til að skipa áfram sæti meðal þeirra þjóða, þar sem líf skjör eru best. Höfundar draga upp mynd af því, hvert stefna beri til að þetta takist.

Menntun og hagnýting hennar er leiðarstjarnan inn í 21. öldina. Íslenska þjóðin villist af leið, ef hún áttar sig ekki á því, að dauðahald í búsetu, atvinnuhætti og aðferðir við rekstur eigin þjóðfélagsstofnana, kann að vera framtíð hennar hættulegra en virk þátttaka í alþjóðasamstarfi og markviss aðlögun að breyttum heimi.

Björn Bjarnason

## Nýjar bækur


# Staða Íslands í breyttum heimi

VIÐ ALDAHVÖRF nefnist ný bók þar sem horft er fram til tímamóta árið 2000. Höfundarnir Trausti Valsson skipulagsfræðingur og Albert Jónsson stjórnmálafræðingur meta hér stöðu Íslands á margvíslegum sviðum.

„Bókin er fræðilega grundvölluð en rituð fyrir almenning og fylgir textanum fjöldi skýringarmyndar og korta sem unnin eru með nýrri tækni í fullum litum. Eykur það sérlega aðgengi að frásögninni,“ segir í kynningu útgefanda

Undirtitill er Staða Íslands í breyttum heimi enda er í upphafi gefið yfirlit yfir breytingar í heiminum, ekki aðeins hrun kommúnismans eða samruna Evrópu, heldur líka sífaukin alþjóðaafskipti t.d. af umhverfismálum og mengun.

Bókin skiptist í marga kafla um hin ólíkustu sérsvið. Í miðhlutanum er fjallað um ýmsa málaflokka, eins og fegurð landsins sem raunverulega auðlind, fullnýtingu fiskafurða sem verða æ verðmætari, viðreisn á alþjóðlegu mati á fornri menningu og



**Trausti Valsson**



**Albert Jónsson**

naudsýn þess að taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi og alþjóðaviðskiptum, þar á meðal tölvubyltingunni.

Að lokum er svo fjallað um margvíslegar breytingar á innri byggingu íslensks samfélags. Eru það m.a. kaflar sem heita Ísland í nýrri heimsmynd, Breytingar á byggðamynstri á Íslandi og Mat á leiðum til framtíðar.

Við Aldahvörf er í stóru broti. Í bókinni eru 165 skýringarmyndir og kort. Bókin er unnin í Prentmyndastofnunni og Ísafoldarprentsmiðju. Bóksöluverð kr. 3.200.

# Horft til framtíðar

## Laugardagspistillinn Guðmundur Magnússon Fréttastjóri

Ætli flestir séu ekki um það sammála að baráttan fyrir alþingiskosningarnar, sem fram fara eftir þrjár vikur, sé með óvenju stilltu yfirbragði? Það er eins og einhver syfja sé yfir stjórnmalunum og enginn treysti sér almennilega til að rjúfa friðinn með upphrópunum eða kosningabombum í gömlum stíl. Fyrir vikið verður kosningabaráttan heldur sviplítill og áhugi almennings tæpast vaknaður að ráði. Líklega eru flestir landsmenn fremur með hugann við veðrið en pólitíkina enda hefur tíðarfar verið óvenju leiðinlegt um land allt í vetur. Það orkar á mann eins og komin sé einhver þráhyggja í Vetur konung; hann geti ekki slitið sig frá okkur.

Margir þeirra sem á annað borð leiða hugann að komandi kosningum heyrast sgyrja: Um hvað er eiginlega kosið? Í spurningunni liggur eiginlega það svar að fátt beri á milli flokkanna, sami grautur í mörgum skálum. Forystumenn stjórnmalaflokkanna eru þessu auðvitað hjartanlega ósammála. Srjórnarflokkarnir segja að kosið sé um framhald stöðugleikans og batans í efnahagslífmu. Stjórnarandstaðan segir aftur á móti að nú sé tækifærið til að losa um skuldafjötrana og færa almenningj vorið sem atvinnulíflöð sé að uppskera þessa dagana.

### Ekki skýr framtíðarsýn

Því verður þó varla á móti mælt að í yflrstandandi kosningabaráttu

sé ekki sjáanlegt eithvert eitt stórt ágreiningsmál sem tekist sé á um. Stuðningur Alþýðuflokksins við umsókn um aðild að Evrópusambandinu fellur ekki undir þá skilgreiningu, enda er afstaða flokksins til aðildar skilyrt eins og afstaða annarra stjórnmalaflokka: Enginn útilokar aðild með öllu í sjálfu sér ef nægilega góð kjör bjóðast. Ef spurt er hvort flokkarnir bjóði upp á skýra og þaulhugsaða framtíðarsýn hljóta menn að fallast á að svo er ekki.

Einstakir stjórnmalamenn ræða að sönnu stöðu okkar í samfélagi þjóðanna í framtíðinni og hvert stefna beri í hinum stærri málum, en útfærslan er yfirleitt ógreinileg og oftast en ekki skyggja smærri afriði, sem menn staldra við, á hinar stærri línur.

Í rauninni er ekki hægt að ætlast til að stjórnmalamenn upphugsi sjálfir hugmyndir og tillögur um markmið og leiðir landsmálanna. Hins vegar er hægt að gera þá kröfu til þeirra að þeir kynni sér vel rökstuddar hugmyndir sem fram eru settar og beiti sér fyrir því að á hverjum tíma séu stjórnvöld vakandi fyrir framtíðinni, möguleikum þjóðarinnar til sóknar, hættum og erflöleikum sem fram undan geta verið. Þeir mega ekki vera svo uppteknir af dægurþrasi stjórnmalanna að þeir sjái ekki skóginn fyrir trjánunum.

Kannski má segja að það sé aðalsmerki góðs srjórnmálamanns að kunna að hlusta á það sem aðrir hafa að segja og finna góðum og nýtilegum hugmyndum farveg.

### Metnaðarfullt verk

Stjórnmalamönnum til afsökunar má segja að úti í þjóðfélaginu er ekki heldur mikið um það að menn setji fram heildstæðar hugmyndir um markmið og leiðir þjóðarinnar í nánustu framtíð. Menn einblína fremur á svið eða þætti,

svo sem einstakar atvinnugreinar eða markaði. Hitt er sjaldgæfara að menn reyni að raða brotunum saman svo úr verði skýr heildarmynd.

Ánægjuleg undantekning í þessu efni er bók sem út kom í þessari viku. Hún nefnist **Við aldahvörf** og hefur undirtitilinn **Staða Íslands í breyttum heimi**. Höfundar eru **Trausti Valsson** skipulagsfræðingur og **Albert Jónsson**, stjórn málafræðingur og sérfræðingur um alþjóðamál í forsætisráðuneytinu.

Þetta er metnaðarfullt verk. „Hér verður leitast við að varpa ljósi á stöðu Íslands við aldahvörf og gera sér grein fyrir hvert stefnir," segja höfundarnir í formálsorðum bókarinnar.

Þeir skipta henni í eina tíu kafla í þremur hlutum. Fyrst fjalla þeir um nýja þróun í heiminum: umskipti í alþjóðamálum eftir hrun kommúnismans og eflingu ríkjabandalaga, breytt viðhorf vegna umhverfismála og hvernig tækni, þekking og menningarþættir skipta sköpun um framvindu mála.

Í öðrum hluta fjalla þeir um breytingar í byggðapróun heimsins og hina nýju Evrópu sem nú er í mótun. Í þriðja hluta bókarinnar snúa þeir sér sérstaklega að því hvernig hin nýja heimsmynd breytir stöðu Íslands, fjalla um breytt byggðamynstur á landinu og leggja mat á fimm framtíðarleiðir sem þeir telja að blasi við þjóðinni.

Ekki er um það að ræða að hugmyndir og tillögur höfunda séu algerlega nýjar. Öllu heldur má segja að þeir tæni til ýmislegt forvitnilegt sem fram hefur komið áður og reyni að setja það í samhengi og velti upp ýmsum flötum málanna. Hér ganga til dæmis aftur - og er ekkert nema gott um það að segja - hugmyndir Trausta Valssonar um hálendisvegi á Íslandi sem áður hafa fengið nokkra kynningu.

Framsetning er ekki aðeins í formi texta heldur er bókin ríkulega skreytt myndum og skýringarteikningum, ekki síst landakortum, og gerir það hana mjög læsilega.

## Fimm framtíðarleiðir

Sem fyrr segir teha Trausti og Albert að við þjóðinni blasi fimm framtíðarleiðir þegar hugað er að möguleikum til að skapa ný störf og sterkari grundvöll undir þjóðfélagið. Þeir tala um sjávarútvegsleið, orkuvinnsluleið, verndunarleið, hugvitsleið og ferðaþjónustuleið.

Allar þessar leiðir þurfi að fara, en vega þurfi þær og meta hverju sinni í samhengi við þróun á alþjóðavettvangi. Hitt skipti líka máh að þær hafi gagnvirk áhrif hver á aðra, ýmist til framdráttar eða frádráttar. Verksmiðjuúttgerð á höfunum skapar til dæmis mikinn arð en nýtir afla ekki nægilega vel, skapar mengun og teflir framtíð lítilla byggðarlaga í tvísýnu. Stórvirkjanir færa þjóðinni miklar tekjur en spilla líka náttúrunni og draga úr töfrum Íslands sem ferðamannalands.

Ahersla á óspillta náttúru Íslands skapar landi og þjóð jákvæða ímynd en ofuráhersla á þessu sviði kynnir að snúast í höndum okkar og hugsanlega skapa hefðbundnum atvinnugreinum vandræði.

Trausti og Albert telja eflingu hátækni og ferðaþjónustu mikilvæga, enda séu þar komin vaxtarsvið sem yænlegt sé að leggja áherslu á. Á sviði hátækni þýði þó ekki að reyna að keppa við stórþjóðirnar heldur einbeita sér að þeim sviðum hennar er leitt geta til framfara í íslensku arvinnulífi.

Þeir telja að ferðaþjónustan muni í framtíðinni bjóða upprennandi kynslóðum flest störf og þess vegna þurfi að veita fé til rannsókna í þeirri grein. Þeir finna að því að „ferðafræði", sem svo má kalla, standi alveg utan við menntakerfið eins og menntun á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu gerði til skamms tíma.

Í lokaorðum bókarinnar segja höfundarnir að ábyrgð stjórnámálanna sé mikil. Þeir þurfi að komast að niðurstöðum og skilgreina

betur hvaða greinar eigi að bera uppi atvinnulífið í framtíðinni. Þeir verði einnig að beita sér fyrir því að skólarnir og fyrirtækin byggji upp þá þekkingu og mennti það fólk sem þurfi til atvinnuuppbyggingar framtíðarinnar. Aðeins með mótun framtíðarstefhu verði unnt að tryggja þau líf skjör og lífsgildi sem þurfi til að tryggja áframhaldandi, öflugna búsetu í landinu.

### **Framtíðin á dagskrá**

Bókin Við aldahvörf er blessunarlega laus við predikunartón.

Umfjöllun höfundar er hófsöm og rökvisleg. Hún er virðingarverð viðleitni til að yarpa ljósi á stöðu og möguleika Íslands á miklum umbrotatímum. Er vonandi að hún verði tilefni málefnaþra umræðna.'

Hún er væntanlega ekki sérstaklega hugsuð sem framlag til umræðna fyrir alþingiskosninganna en er holl lesning og umhugsunarefni fyrir frambjóðendur og kjósendur.

Það verða nánast komin aldamót þegar næsta kjörtímabili lýkur. Hvar stöndum við þá, Íslendingar? Ætlum við að ráða einhverju um það sjálfir eða berast áfram sem óvirkir þátrtakendur eins og við höfum að sumu leyti gert? Ætlum við að breyta Íslandi og umhverfinu okkur sjálfum í hag eða láta breytingar bara ganga yfir okkur? Ætlum við að vera gerendur eða þolendur? Er kannski kominn tími til að setja framtíðina á dagskrá stjórnmalanna?

## Fréttir af bókum

### *Horft til aldamótanna 2000*

# Staða Íslands í breyttum heimi

*Við aldhvörf neínist ný* bók frá Fjölváutgáfunni, nýstárlegt og tímabært rit, þar sem horft er fram til hinna miklu tímamóta árið 2000. Höfundamir, Trausti Valsson skipulagsfræðingur og Albert Jónsson stjórn málafræbingur, sameina hér fræðigreinar sínar til að meta stöðu Íslands á margvíslegum sviðum.

Bókin er fræðilega grundvölluð, en rituð fyrir almenning og fylgir textanum fjöldi skýringarmynda og korta, sem unnin eru með nýrri tækni í fullum litum. Eykur það sérlega aðgengi að frásögninni.

Undirtitill er „*Staða Íslands í breyttum heimi*“, enda er í upphafi gefið yfirlit yfir hinar miklu og öru breytingar í heiminum, ekki abeins hrún kommúnismans eða samrunaþróun Evrópu, heldur líka hin síauknu alþjóðaafskipti t.d. af umhverfismálum og mengun, sem snerta okkur mjög, þróun ferðamála og dreifing upplýsinga og menningarþátta með algjörlega nýrri tækni.

Bókin skiptist í marga kafla um hin ólíkustu sérsvið, en í stórum dráttum eru fyrst raktar hinar miklu umbyltingar í heiminum og hvernig þær snerta okkur íslendinga. Þar leynast ýmsar hættur sem þarf

að vera á verði gegn, en jafnframt óþrotlegir möguleikar, sem við þurfum að vera vakandi fyrir til að styrkja stöðu okkar.

Í miðhlutanum er fjallað um ýmsa málaflokka, eins og það að fegurð landsins er raunveruleg auðlind, sem við þurfum að gera aðgengilega og styrkja ferðaþjónustu.

Við eigum að skipuleggja fullnýtingu fiskafurða, sem verða æ verðmætari, og notfæra okkur hið nýja hraðbrautakerfi í Evrópu til að dreifa þessum dýrmætu afurðum t.d. inn um Mið-Evrópu. Við þurfum t.d. að stuðla að viðreisn á alþjóðlegu mati á okkar fornu menningu, ekki síst í samstarfi við Þjóðverja, sem rekja rætur til sama uppruna og við, og í heildina að styrkja á allan hátt stöðu okkar í menntun og menningu og taka virkan þátt í alþjóðasamstarfi og alþjóbaviðskiptum, þar á meðal í tölvubyltingunni.

Að lokum er svo fjallað um margvíslegar breytingar, sem eru ab verða og hljóta ab verða á innri byggingu samfélags okkar. Eru það m.a. kaflar sem heita Ísland í nýrri heimsmynd, Breytingar á byggðamynstri á Íslandi og Mat á leiðum til framtíðar.

Mikil þörf er fyrir slíka bók, sem gefur útsýn í allar áttir. *Við aldhvörf* er í stóru broti og til marks um umfang ritsins má geta þess að í bókinni eru 165 skýringarmyndir og kort.

Bókin er unnin í Prentmyndastofunni og Ísafoldarprentsmiöju. Bóksöluverð kr. 3200.

## **Fyrirlestur um leiðir til framtíðar**

MÁLSTOFA verður haldin í Háskólanum mánudaginn 15. maí um umræðuefnið: Leiðir til framtíðar. Frummælendur eru Albert Jónsson og Trausti Valsson sem munu byggja framsöguna á nýútkominni bók sinni *Við aldhvörf - Staða Íslands í breyttum heimi*. Báðir kenna þeir við háskólann, Albert stjórn málafræði og Trausti skipulagsfræði og umhverfismál.

### ***Fyrirlestur um leiðir til framtíðar***

MÁLSTOFA verður haldin í Háskólanum mánudaginn 15. maí um umræðuefnið: *Leiðir til framtíðar*.

Frummælendur eru *Albert Jónsson* og *Trausti Valsson* sem munu byggja framsöguna á nýútkominni bók sinni *Við aldhvörf - Staða Íslands í breyttum heimi*. Báðir kenna þeir við háskólann, Albert stjórn málafræði og Trausti skipulagsfræði og umhverfismál. Albert er jafnframt deildarstjóri í forsætisráðuneytinu en Trausti er dósent í verkfræðideild.

Málstofan er haldin af umhverfis- og byggingaverkfræðiskor og er 15. maí kl. 16.15 til 18 í stofu 157 í VR-II, í húsi Verkfræðideildar. Inngangur er bæði frá Hjarðarhaga og Tæknigarði.